

Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu
Borgaskóli 2025-2026



Skipulag og framkvæmd stuðnings við nemendur sem víkja frá vegna hegðunar, tilfinningalegra og félagslegra örðugleika - Heildaráætlun

Heildaráætlun er verklýsing sem gefur mynd af skipulagi og uppbyggingu stuðningskerfis skólans.

Skóli: Borgaskóli	Skólaár: 2025-2026
Beiðnir um aðstoð/stuðning við nemendur Beiðnir um stuðning/sérkennslu frá umsjónarkennurum/foreldrum fara til stoðteymis sem er skipað stoðkennurum, atferlisfræðingi, skólafélagsráðgjafa, stuðningsfulltrúum, aðstoðarskólastjóra/skólastjóra. Þar eru þær teknar fyrir og sérkennsla eða stuðningur skipulagður í samráði við kennara. Beiðnir frá foreldrum fara til umsjónarkennara og frá þeim til stoðteymis.	
Athuganir og skimanir Lesfimi 3x á skólaárinu 1. -7. bekkur Lesskilningspróf 2x á skólaárinu 3. -7. bekkur Leið til læsis í 1. bekk Lesmál í 2. bekk Kennarar nýta niðurstöður til þess að endurmeta kennsluáætlanir fyrir hópa og einstaklinga. Kynnt fyrir foreldrum eftir því sem við á.	
Stoðteymi Stoðteymið vinnur sem stuðningur við kennara þar sem þeir geta sótt hugmyndir og ráðgjöf vegna einstakra mála í sínum hópum. Aðstoðarskólastjóri og skólafélagsráðgjafi taka við beiðnum um meðferð mála og bera ábyrgð á að boða alla aðila til fundanna, stýra fundunum og fylgja eftir niðurstöðum. Teymið veltir upp mögulegum lausnum og kennarinn velur vænlegustu leiðina og útfærir hana. Stoðteymi sér um eftirfylgd.	
Verkefni/ábyrgð stjórnenda Er að halda reglulega stoðteymisfundi þar sem sérkennslan er skipulögð og endurskoðuð reglulega. Allar ákvarðanir um skimanir og greiningar eru teknar á nemendaverndarráðsfundum. Sjá til þess að samskipti við foreldra séu í réttum farvegi. Ákvarðar í samstafi við kennara, stoðkennara hverjir sitja teymisfundi. Kennarar geta sótt um ráðgjöf í stoðteymi.	

Verkefni/ábyrgð umsjónarkennara gagnvart nemendum sínum með sérþarfir.

Umsjónarkennari ber ábyrgð á að skipuleggja nám og námsumhverfi hópsins og aðlaga námsefni að sérþörfum nemenda ef við á í samvinnu við stoðkennara og foreldra.

Umsjónarkennari gegnir lykilhlutverki í upplýsingagjöf til annara kennara þegar það á við.

Umsjónarkennari situr í teymi nemenda ef slíkt er fyrir hendi.

Umsjónarkennari ber ábyrgð á samstarfi við foreldra og upplýsingagjöf til þeirra.

Verkefni/ábyrgð sérkennara og annarra fagaðila sem starfa í skólanum

Verkefni/ábyrgð stoðkennara og atferlisfræðings er að halda utan um mál þess sem á þurfa að halda og koma þeim í réttan farveg. Það sama á við um aðra fagaðila.

Verkefni/ábyrgð annars starfsfólks varðandi nemendur með sérþarfir

Stuðningsfulltrúi vinnur undir leiðsögn umsjónarkennara, atferlisfræðings og stoðkennara.

Stuðningsfulltrúar bera ábyrgð á stuðningi gagnvart einstaka nemendum eða litlum nemendahópum.

Annað starfsfólk fylgir einstaklingsáætlunum eftir ef það á við t.d. í gæslu.

Einstaklingsnámskrár

Unnar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem eru með sértækan námsvanda í byrjun skólaárs. Í námskránni koma fram bakgrunnsupplýsingar, viðmið, markmið, hæfni og mat, einnig kemur fram hvaða stuðning nemandinn fær í skólanum. Áætlun er unnin af umsjónarkennara og stoðkennara í samvinnu við foreldra.

Þær taka mið af bekkjarnámskrá eins og við á hverju sinni.

Námskráin er undirrituð af foreldrum.

Aðlögun náms- og félagslegra aðstæðna í almennu skólastarfi að þörfum nemenda með sérþarfir

Umsjónarkennari í samvinnu við sérkennara sér til þess að námsumhverfið henti nemendum með sérþarfir svo sem sjónrænt skipulag í stofu og á borði nemanda.

Lögð er áhersla á gott samstarf við foreldra um slíkt fyrirkomulag og oft nýta foreldrar svipað skipulag heima.

Aðlögun námsefnis

Einstaklingsáætlanir eru unnar fyrir nemendur sem eiga í námsvanda og/eða félagslegum vanda. Umsjónarkennari vinnur slíkar áætlanir í samvinnu við foreldra og fær ráðgjöf frá stoðþjónustu við þá vinnu.

Aðlögun leiða í námi

Aðlögun leiða í námi er unnin af umsjónarkennara og sérkennara í samstarfi við lausnateymi.

Sótt er ráðgjöf til aðila utan skólans eftir því sem á við.

Námsstuðningur inn í bekki

Ábyrgð á skipulagi og framkvæmd námsstuðnings inn í bekk er í höndum stoðkennara í samvinnu við kennara.

Sérkennarar og stuðningsfulltrúar sinna námsstuðningi inn í bekkjum.

Umfang stuðnings fer eftir aldri/aldurstigum.

Stuðningurinn fellst t.d. í aðlögun námsumhverfis og námefnis.

Samstarf umsjónarkennara/kennara og þess sem annast stuðninginn er unnið á vikulegum fagfundum. Einnig í samstarfi á gólfinu.

Stuðningur til virkni og þátttöku í samvinnu og hópastarfi

Atferlisfræðingur, skólafélagsráðgjafi, stoðkennarar og stuðningsfulltrúar ásamt umsjónarkennara skipuleggja hópastarf.

Nemendur taka þátt í bekkjarfundum.

Ef efla þarf virkni einstakra nemenda þá er það unnið í samvinnu við foreldra.

Nemendum er einnig vísað á námskeið utan skólans eins og Klókir krakkar.

Samstarfsverkefni um eflingu félagsfærni nemenda og hópefli í 5. -7. bekk við félagsmiðstöð

Félagslegur stuðningur

Skólafélagsráðgjafi skipuleggur félagslegan stuðning við nemendur í samráði við kennara og foreldra.

Stuðningur við athafnir daglegs lífs og umönnun í skólanum

Stuðningur við athafnir daglegs lífs er unnin af stoðkennurum út frá einstaklingsáætlunum. Aðrir kennarar og stuðningsfulltrúar koma að þeirri vinnu. Samstarf er við foreldra um slíka þjálfun.

Námsver og önnur skipulögð úrræði í skólanum

Í skólanum eru 2 námsver. Stoðkennarar og atferlisfræðingur hafa yfirumsjón með skipulagningu námsvers í samstarfi við stjórnendur/stoðteymi.

Hlutverk námsvers:

Að sinna stoðkennslu fyrir nemendur sem eiga í námserfiðleikum og/eða hegðunarerfiðleikum.

Nemendur fá ýmist kennslu tímabundið eða allt skólaárið. Í námsveri er lögð áhersla á stoðkennslu

í lestri, íslensku og stærðfræði. Auk þess er farið í félagsfærni og hegðunarmótun. Nemendur fá ýmist einstaklingstíma eða eru í hópum, sumir fá hvoru tveggja.

Að halda utan um skimanir og greiningar sem gerðar eru í skólanum, eins og lestrarskimanir.

Að halda utan um safn sérhæfðra námsgagna sem kennarar geta notfært sér.

Að vera ráðgefandi. Kennarar geta leitað eftir aðstoð eða samvinnu aðila stoðteymis ef aðlaga þarf námsefni að einstaklingi eða hóp og við gerð einstaklingsnámskráa. Telji kennari að nemandi hafi þörf fyrir stoðkennslu í námsveri eða stuðning í bekk þarf að eiga samtál við stoðteymi.

Ráðgjöf

Atferlisfræðingur, stoðkennarar og skólafélagsráðgjafi veita kennurum ráðgjöf vegna nemenda sem þurfa sértæka aðstoð.

Kennarar geta fengið ráðgjöf frá skólasálfræðingi og kennsluráðgjafa sem starfa hjá Austurmiðstöð og öðrum ráðgjöfum utan skólans eftir því sem við á.

Teymi og samstarf

Stoðteymi stofnar teymi utan um einstaka nemendur í samráði við umsjónarkennara og foreldra.

Haldnir eru reglulegir fundir í teyimum og fundargerðir undirritaðar.

Áherslur í vinnu teyma er samvinna um skipulag náms og líðan nemenda.

Á teymisfundi koma ráðgjafar utan skólans eftir því sem við á þ.m.t. aðilar frá sérfræðipjónustu.

Sérhæfð þjónusta við nemendur sem víkja frá og nemendur með sérþarfir

Séð er til þess að nemendur sem þurfa sértækan búnað hafi hann tiltækan í skólanum. Skólastjóri ber ábyrgð á að útvega slíkt að höfðu samráði við kennara, nemanda og foreldra.

Samantekt vegna stoðþjónustu Borgaskóla 2024-2025.

Hér í Borgarskóla er stefnt að því að aðlaga námsefni og mæta nemendum þar sem þeir eru staddir hverju sinni. Unnið er í anda Leiðsagnarnáms og tekið er mið af skólanámskrá Borgaskóla sem byggir á aðalnámskrá grunnskóla. Umsjónarkennarar skipleggja vinnu í bekk. Í tilvikum þar sem nemandi vikur verulega frá og framvinda í námi er óveruleg kemur stoðþjónustan að málum. Einnig geta legið fyrir skimanir, greiningar eða aðrir þættir sem hafa áhrif á inngrip.

Umsjónarkennari og sérkennari hvers námshóps funda við upphaf skólaárs, við annarskil og eftir þörfum á skólaárinu, meta stöðuna og ákveða framhaldið. Þannig skapast sveigjanleiki er miðar af því að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur hverju sinni. Vinnan er því breytileg og spannar frá því að vinna með nemanda megnið af skólaárinu eða tímabils bundið í lengri eða skemmri tíma.

Í stoðþjónustu skólans skipta kennarar með sér verkum einn kennari sér um vinnu með nemendum sem hafa íslensku sem annað mál. Annar kennari sér að mestu um miðstig og enn annar um yngsta stig. Atferlisfræðingur hefur unnið í námsveri í vetur og veitir jafnframt leiðsögn til umsjónarkennara þar sem það á við. Stuðningsfulltrúar vinna undir leiðsögn umsjónarkennara. Einnig hafa einstaka kennarar komið að stoðþjónustu.

Þeir kennarar sem komið hafa að kennslu í stoðþjónustunni hafa tekið saman í lok skólaárs þá vinnu sem unnin hefur verið með hverjum nemanda og tímafjölda. Þessar upplýsingar eru í persónumöppu viðkomandi nemanda. Einnig er skoðað hvað hefur áunnist og tillögur um framhald. Einnig halda sumir kennarar skrá um hvað unnið er hverju sinni. Gerðar eru Logos greiningar og haldin hafa verið lestarnámskeið í samvinnu við foreldra.

Á þessu skólaári voru nemendur í 1. bekk 13, í 2. bekk 15, í 3. bekk 10, í 4. bekk 10, í 5. bekk 11, í 6. bekk 11 og í 7. bekk 9. Sextán nemendur voru í vinnu með íslensku sem annað mál, af þeim voru tólf nemendur jafnframt í vinnu með öðrum kennurum úr stoðþjónustunni. Einnig voru nokkrir nemendur sem stuðningsfulltrúar fylgdu eftir bæði í námsveri og í kennslustofu.

Mikilvægt í allri vinnu með nemendum sem njóta stoðþjónustu er faglegt samstarf og að samtal eigi sér stað milli umsjónarkennara og þess kennara sem veitir stuðninginn. Að kennarar skapi sér svigrúm utan kennslunnar með nokkuð reglulegu milli bili, taki stöðuna og ákveðið framhaldið og það skráð. Þetta gerir alla vinnu mun skilvirkari og auðveldar mat á því sem gert er og er leið til snemmtækrar íhlutunar.

Starfsmenn stoðþjónustunnar mæta á ýmsa fundi til að veita upplýsingar og fá upplýsingar vegna nemenda sinna. Má þar nefna skilafundi, teymisfundi, matsfundi og skimunarfundi svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru nauðsynlegir fundir til að starfið verið sem árangursríkast.